

Björn Hermannsson flugvirki vill ekki nafngreina „grunaðan“ starfsmann Sjálfstæðisflokksins:

„Fullyrðing Björns rakalaus ósannindi“

— nema hann tilgreini við hverja hann á, segir Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri sjálfstæðismanna

„Ég veit ekki til þess að fastráðnir starfsmenn flokksins hafi á neinn hátt misnotað aðstöðu sína vegna formannskosninga í Heimdalli,“ sagði Kjartan Gunnarsson framkvæmda-

stjóri Sjálfstæðisflokksins um ummæli sem höfð eru eftir Birni Hermannssyni flugvirkja í Dagblaðinu á þriðjudaginn. Björn er frambjóðandi til formannskjörs í Heimdalli á aðalfundi

næstkomandi sunnudag. Í DB-viðtalinu segir hann orðrétt:

„Því er ekki að neita að framboðið mitt hefur vakið hörð viðbrögð. Sögur eru settar af stað sem ég m.a. gruna ákveðinn starfsmann Sjálfstæðisflokksins um að hafa komið á kreik.“

„Ef Björn tilgreinir ekki við hvern eða hverja hann á þá ber að taka fullyrðingu hans sem rakalaus ósannindi. Átta til tíu starfsmenn flokksins liggja þá undir grun á meðan,“ sagði Kjartan Gunnarsson.

Þá hafði blaðið samband við Björn Hermannsson flugvirkja og innti hann nánar eftir við hvern hann ætti af starfsmönnum sjálfstæðismanna í fyrrgreindum ummælum.

„Ég tel ekki rétt að upplýsa það enn sem komið er en til þess kann að koma fljótlega,“ sagði Björn.

-ARH.

Jón Magnússon formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna:

HEF HEITIÐ HVORUGUM FRAMBJÓÐANDA STUÐNINGI

— í formannskosningum í Heimdalli

Jón Magnússon formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna vill koma á framfæri athugasemd vegna „ummæla í Dagblaðinu um formannskjör í Heimdalli, þar sem vitnað er til mín sérstaklega.“ Ummælin sem Jón vitnar til eru í viðtali við Árna Sigfússon blaðamann í þriðjudagsblaðinu:

„Lengi vel var ekki vitað um önnur framboð til formanns (þ.e. framboð Árna til formanns í Heimdalli og Gunnlaugs Snædals til varaformanns; athugasemd DB) og Jón Magnússon formaður SUS sagði að við Gunnlaugur værum þeir sem hann teldi að hægt væri að ná samkomulagi um.“

Athugasemd Jóns Magnússonar er svohljóðandi:

„Ég hef ekki hvatt þá frambjóðendur sem nú eru í kjöri til að gefa kost á sér né heitið öðrum stuðningi fram undir þetta.“


Mér fannst æskilegt að náð yrði samkomulagi um formannsmál í Heimdalli með tilliti til þess ástands sem ríkir í Sjálfstæðisflokknum. Í því skyni átti ég viðræður við ýmsa Heimdellinga fyrir í vetur og nú upp á síðkastið þá Árna Sigfússon og Björn Hermannsson.

Í formannskosningum í Heimdalli getur aðeins annar sigrað. Öumdælllega eru tveir mjög hæfir menn í framboði og ungliðahreyfing Sjálfstæðisflokksins þarf á starfskröftum þeirra að halda.“

-ARH.



Jón Magnússon: Tveir mjög færir menn í framboði í Heimdalli.



Kjartan Gunnarsson: Átta til tíu starfsmenn flokksins liggja undir grun.



ATLIRUNAR HALLDÓRSSON

Eiríkur Smith — leiðrétting

Í myndlistargrein um Eirík Smith listmálara sem birtist í gær, virðist allt umbrót hafa farið úrskelðis og greinin því lítt skiljanleg. Umræddur kafli á að hljóða svona:

Mér sýnist þó að svarið sé að finna í verkunum sjálfum. Í þeim fara nefnilega saman ýmsir þeir þættir sem við Íslendingar höfum löngum verið veikir fyrir.

Við leggjum mikið upp úr tiltölulega raunsæjum staðarlýsingum en kunnun þó vel að meta ljóðræna innlifun listamannsins og alla dulúð tengda landslagi — enda segir barnatrúin okkur að álfar og vættir búi í hverjum hól. Þar að auki finnum við stöku sinnum fyrir sektarkennd varðandi fortíðina sem við svo skyndilega hristum af okkur til að gerast þátttakendur í tuttugustu öldinni. Því er eins og öll gömul minni úr sveitum eða af sjávarsiðunni hitti okkur beint í hjartastað, gamlir bátar, gömul amboð, hús að falli komin.

Ög þessu tekst Eiríki að koma til skila með þeirri fágúðu tækni sem hann hefur verið að þróa með sér undanfarinn áratug. Hér er ekki verið að gefa í skyn að Eiríkur hafi komið sér upp öbrígðuli söluformúlu. Sem væri út af fyrir sig talsvert afrek. Þau verk sem hann sýnir nú eru afleiðing margra ára tilrauna og heilabrotu, bæði um tækni og inntak, eftir rúman áratug úti í kulda afstraksjónarinnar. Eftir nokkur um heilindi listamannsins skal honum bent á nýlegt viðtal í Lesbók Mbl.

Í leit sinni hefur Eiríkur borið niður víða, t.d. í ljóðrænu raunsæi Wyths, kannski í súrrealisma og nýju bandarísku raunsæi, en þar sem honum tekst best upp, í myndum eins og Farfuglar (nr. 48), Að kvöldi skal dag lofa (nr. 35) og Á sandinum (nr. 42), — svo nefndar séu nokkrar metnaðarfyllstu myndir Eiríks, — er tónninn hans eigin og jafnframt íslenzkastur.



Myndlist



Trillukarlar ekki síður en aðrir hafa fiskað vel við Eyjar að undanfögnu — eins og t.d. þessir tveir, sem hér roga fiskkössunum í land.

DB-mynd: Ragnar Sig., Vestm.

Vestmannaeyjar:

Mjög góður afli í öll veiðarfæri

— þorskveiðibann tekur gildi hjá vertíðarbátum á morgun

Í gær var landlega hjá Eyjabátum og hefur svo verið frá því á sunnudag. Nokkrir netabátar hafa rétt skotizt út en ekki fengið næði vegna brælu. Annars hafa gæftir verið mjög góðar frá því í endaðan marz og vart fallið út dagur; mjög góður afli í öll veiðarfæri.

Aflahæstur netabáta er Þórunn Sveinsdóttir með 1435 tonn. Suðurey er næst með 1392 tonn og Glófaxi í þriðja sæti með 1220 tonn. Valdimar Sveinsson, Álfsey, Gjafar og Gandi eru allir komnir með yfir þúsund

tonn. Þá hafa trollbátar einnig aflað mjög vel og er Freyja þeirra aflahæstur með yfir 800 tonn.

Mikil atvinna hefur verið í landi við vinnslu aflans. Fjölmargir sem ekki hafa fiskinn að aðalatvinnu, hafa brugðið sér í slorið, bæði til að bjarga verðmætum og eins til að ná sér í skjótfenginn gróða.

Nú sér fyrir endann á þessari hrotu því þorskveiðibann tekur gildi á morgun, föstudag, hjá vertíðarbátum.

-FÓV, Vestmannaeyjum.

Ný lög frá Alþingi:

LOKAÐ FYRIR KEÐJUTÉKKA

— og 2425 milljón króna skattur á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði

Þrjú frumvörp voru í gær afgreidd sem lög frá Alþingi. Var þar í fyrsta lagi um breytingu á lögum um tékka að ræða, í öðru lagi frumvarp um sérstakan skatt á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði og í þriðja lagi frumvarp um Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

Breytingin á tékkalögum kveður á um lögleiðingu skjalalausra greiðsluskipta. Skjalalaus greiðsluskipti hafa mjög rutt sér til rúms m.a. í Danmörku. Í hugtakinu felst, að banki eða sparisjóður, sem tekur við tékka á annan banka eða sparisjóð, sendir greiðsluöfnunarskjal (hér Reiknistofnun bankanna) símléiðis færslu í vél-tæku formi til þess að stöðin geti bókað tékkann á viðskiptareikning viðkomandi reikningshafa. Tékkinn sjálfur er hins vegar geymdur á afgreiðslustað ásamt öðrum bókhaldsgögnum.

Samkvæmt áður gildandi lögum þurftu reiknistofnunin að fá tékkana senda til að lögleg bókun færi fram. Var það mikið óhagræði fyrir fjarlægja banka. Með hinum nýju lögum er loku fyrir það skotið að hægt sé að stunda ákveðna tékkakeðjumyndum, sem um árabíl hafði verið reynt að uppræta. Skattur á skrifstofu- og verzlunar-

húsnæði er nú framlengdur þriðja árið í röð. Er frumvarpið efnislega samhljóða samskonar frumvarpi frá í

fyrra. Á fjárlögum er gert ráð fyrir að skattur þessi nemi í álagningu 2425 milljónum króna.

-A.St.

Spá Þjóðhagsstofnunar:

Enn standa þjóðar-tekjurnar í stað

Þjóðhagsstofnun spáir að þjóðarframleiðslan vaxi ekkert í ár frá fyrra ári. Horfur eru á, að þjóðartekjur standi nokkurn veginn í stað þriðja árið í röð.

„Áhrif af þessu gætu farið að koma í ljós í minnkandi umsvifum í ýmsum atvinnugreinum, þótt það yrði líklega ekki fyrir en seint á árinu,“ segir í spánni.

Viðskiptakjör við útlönd gætu orðið litilháttar lakari í ár en á síðasta ári. Miðað við, að einkaneyzla aukist sem nemur fólksfjöldun og fjármunamyndun dragist saman um rúmlega 4 prósent, má gera ráð fyrir, að halli á

viðskiptum við útlönd verði svipaður og á árinu 1980 sem hlutfall af framleiðslunni. Atvinnuástand gæti slaknað nokkuð, sem meðal annars gæti komið fram í styttri vinnutíma en áður, segir stofnunin, en einnig má gera ráð fyrir, að ýmis svæðisbundin vandamál muni gera vart við sig í auknum mæli. Eins og nú horfir er þó ekki útlit fyrir, að almennt muni draga úr atvinnu á næstu mánuðum.

Þjóðhagsstofnun segir, að án frekari aðgerða sé ljóst, að verðbólgan í ár verði vart minni en sem svarar 45–50 prósentum.

-HH